



21. stjórnarfundur LH

11. desember 2017 kl. 16:00 í Guðmundarstofu, Víðidal

Mættir: Andrea Þorvaldsdóttir, Eyþór Gíslason, Haukur Baldvinsson, Helga B. Helgadóttir, Jóna Dís Bragadóttir, Lárus Ástmar Hannesson, Ólafur Þórisson úr aðalstjórn. Ingimar Ingimarsson, Stefán G. Ármannsson, Sóley Margeirsdóttir, Sigurjón Rúnar Bragason úr varastjórn.

Fjarverandi: Magnús Benediktsson

Gestir: Ólafur Guðmundsson Bergvík, Hjörtur Bergstað formaður Fáks, Sigurbjörn Magnússon lögfræðingur, Þórir Örn Grétarsson framkvæmdastjóri Fáks, Áskell Heiðar Ásgeirsson framkvæmdastjóri Landsmóts

1. Bergvík samningur

Skrifað var undir samning um kaup á einkarétti til að nýta allt unnið efni frá landsmótunum 1954, 1958, 1966, 1970, 1974, 1978, 1982 og 1986 við Ólaf Guðmundsson í Bergvík. Faðir Ólafs, Guðmundur Ólason heiðursfélagi LH hafði safnaði þessu efni saman. Þess má geta að ef hann hefði ekki verið eins framsýnn og raun ber vitni og ekki lagt í þá vegferð að finna þetta efni, láta talsetja það og varðveitt væri það mögulega glatað. Guðmundur var í stjórn Fáks árin 1971-1976 og formaður félagsins árin 1976-1982. Guðmundarstofa í Fáki er einmitt nefnd eftir Guðmundi, það var því vel til fundið að skrifað væri undir samninginn við Ólaf þar.

2. Landsmót – kynning Fáksmanna á undirbúningi mótsins

Hjörtur Bergstað formaður Fáks bauð stjórn velkomna í Guðmundarstofu og Áskell Heiðar framkvæmdastjóri landsmóts kynnti stöðuna á undirbúningi mótsins.

3. Sportfengur App

Þórður Ingólfsson formaður tölvunefndar kynnti hugmynd um að smíða app upp úr SportFeng sem hægt væri að nota á öllum mótum þ.e.a.s. ekki þurfi að smíða nýtt app fyrir hvert mót t.d. eins og fyrir Landsmót. Appið verði í eign Landssambandsins.

Hann kynnti tilboð frá Anitar upp á rétt rúmar tvær milljónir.

Fasi 1 tæki þrjár vikur sem væri undirbúningsvinna, kostnaður 500.000 þúsund.

Fasi 2 færi í að smíða appið, fjórar til sex vikur, kostnaður 1,5 milljón

Þórður leggur til að stíga þetta fyrsta skref fyrir 500 þúsund. Það væri hægt á ákveða að taka ekki næsta skref (fasa2) ef honum litist ekki á niðurstöðu undirbúningsvinnu í (fasa1)

Appið væri tilbúið á um 2 milljónir sem LH á og hægt að gera samning um frekari þróunarvinnu á appinu hjá fyrirtækinu.

Stjórn samþykkir að fara í þetta verkefni, þar sem tölvunefnd mæli með þessu og með fyrirvara um að kostnaðaráætlun verði í takt við það sem lagt var fyrir hér að framan.



Andrea lagði fram fyrirspurn til Þórðar varðandi hvort það væri tæknilega mögulegt að afskrá í Sportfeng og halda utan um afskráningar t.d. hvaða dag og klukkan hvað afskráning barst. Einnig spurði hún um hvort það verði munur á rauðum spjöldum í nýja Sportfeng.

Þórður svarði því að það hafi ekki verið gengið út frá því að halda utan um afskráningar með þessum hætti. En hann muni athuga hvort það verði ekki mögulegt að bæta því við. Varðandi rauðu spjöldin þá þurfi að skrifa skýringu en það megi skoða þetta líka.

Það var umræða um að það væri gott að ekki væri hægt að gefa rautt spjald nema að gefa skýringu í SportFeng.

4. Fundargerð síðasta fundar

Samþykkt 20. fundargerðar var frestað.

5. Svarbréf til valnefndar

Atkvæðagreiðsla stjórnar um hvort senda eigi afsökunarbréf til valnefndar. Samþykkir Andrea, Eyþór, Helga, Jóna og Sóley sem sat f.h.Hauks. Á móti Lárus, sat hjá Ólafur.

Lárus bað um sérstaka bókun við þessa atkvæðagreiðslu:

„Bókun vegna afgreiðslu tillögu um afsökunarbeiðni stjórnar LH til valnefndar LH vegna ákvörðunar stjórnar sambandsins á formannafundi okkar þann 27. október þess efnis að bæta Sigurði Sigurðarsyni og Skapta Steinbjörnssyni á lista þeirra fimm knapa sem tilnefndir voru sem gæðingaknapar ársins 2017. Valnefndin starfar í nafnleynd og á ábyrgð stjórnar LH. Það er því sérstakt að stjórn LH sé að biðja nefnd sem starfar á ábyrgð stjórnar afsökunar á jafn sjálfsögðum gjörningi og að leiðrétta þau mistök sem gerð voru við tilnefningarnar. Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum var það rétt ákvörðun stjórnar að bæta áður nefndum knöpum inni hóp tilnefndra í hópi gæðingaknapa. Sú ákvörðun sýndi kjark og auðmýkt stjórnar gagnkvæmt því verkefni að standa vörð um að félagar Landsambandsins standi félagslega jafnfætis. Þessi samþykkt meirihluta stjórnar LH að efnislega bakka útúr þeirri ákvörðun tel ég því ranga og greiði atkvæði gegn henni.“

6. Verkefnalisti stjórnar

Búið að setja verkefnalista LH upp í trello.com verkefnastjórnunarforrit sem allir stjórnarmenn eru með aðgang að. Skrifstofan mun byrja að vinna með verkefnalistann þar og stjórnarmenn fá svo nánari kynningu og leiðbeiningar frá skrifstofu.

7. Styrkumsókn í Stofnverndarsjóð íslenska hestsins

LÁH greindi frá því að sótt hefði verið um í Stofnverndarsjóð fyrir samstarfsverkefnið um að setja kvikmyndatökur af landsmótum inná WorldFeng.

8. Afrekshópur – staða

Stjórn samþykkir að afrekshópsnefndin velji og semji við nýjan yfirþjálfara afrekshóps LH.



9. Landsliðsnefnd

Landsliðsmál og uppgjör HM.

10. Hlé

Stjórn gerði hlé á fundi og heimsótti Sigurbjörn Bárðason að Brekkuhvarfi 4 og skoðuðu einstakt verðlaunasafn hans og áttu góða stund. Stjórn sammála um að leggja sitt af mörkum að finna leiðir til að skrásetja safnið og koma því á framtíðarstað.

11. FEIF þjálfari/kennari ársins

Stjórn tilnefnir Anton Pál Níelsson.

12. Íþróttamaður ársins

Jakob Svavar Sigurðsson er tilnefndur í kjöri íþróttamanns ársins sem knapi ársins. LÁH verður fulltrúi LH við athöfnina.

13. Horses of Iceland – myndband um þróun íslenska hestsins

Stjórn samþykkir að veita HOI leyfi til að nýta myndefni LH til að setja saman í myndbandsformi þróun á ræktun og reiðmennsku íslenska hestsins.

14. Skerping á lögnum um Íslandsmet og afskráningar

Umræður um hvað þarf til að staðfesta Íslandsmet. Bent á að tillaga hafi verið send til FEIF varðandi að skerpa á þessum reglum. Einnig rætt að skerpa á reglum og áréttu ábyrð á mótshaldara. Sérstaklega taka fyrir að afskráningar berist skriflega og með formlegum hætti. Spurning um að setja það í lög. Einnig má leggja áherslu á að mótshaldarar skili ítarlegum skýrslum og að mótshaldarar virði reglur og setji sér ramma varðandi það. Einnig var rætt um hlutverk mótstjóra og hver er hans ábyrgð væri. Skerpa þurfi á hlutverki hvers og eins í mótanefnd og þegar mót eru auglýst þá verði að að vera tilgreint hvernig á að afskrá og hver sé fulltrúi knapa.

15. Tillögum sem vísað var til stjórnar á þinginu, hvar eru þau mál stödd?

Skrifstofa kannar hvar þau mál eru stödd, HÍDÍ, GDLH, Mannvirkjanefnd, Stjórn og Járningamannafélagið og Æskulýðsnefnd.

16. Landsmót 2022 í Spretti

Samningur við Sprett er tilbúinn og umræður um hvort mikilvægt væri að fá Sprett til að skrifa undir samninginn sem fyrst til að klára þessi þrjú mót sem búið var að ákveða, Hóla, Fák og Sprett. Ekki þótti ástæða til að ýta á eftir undirskrift og leyfa Spretti að sjá hvernig viðskiptamódelið sem lagt er upp með í samningnum gangi í Fák 2018. Samkvæmt lögum þurfa Sprettarar að skrifa undir samninginn í síðasta lagi 2019.

17. Önnur mál

- a) Bókin Heimur hestsins, senda á öll börn fædd 2006.
- b) Fræðsla fyrir aðildarfélög LH – JDB og HBH



- a. Kennsla um fundarsköp, opið námskeið fyrir hestamannafélög
- b. Gátlistar vegna mótahalds
 - i. Hlutverk mótanefnda / ritara á mótum.
- c. Vinna siðareglur fyrir LH og sýna gott fordæmi fyrir hestamannafélög.

*Ekki fleira tekið fyrir. Fundi slitið um kl. 22:00
Fundargerð ritaði Hjörný Snorradóttir.*